



## **Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum og trúnaðarstörfum kjörinna fulltrúa hjá Sveitarfélaginu Árborg**

### **1. gr.**

#### **Tilgangur**

Reglum þessum er ætlað að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf bæjarfulltrúa og nefndarmanna utan bæjarstjórnar.

### **2. gr.**

#### **Gildissvið**

Hagsmunskráningin tekur til aðalmanna í bæjarstjórn, bæjarráði, eigna- og veitunefnd, umhverfisnefnd, skipulags- og byggingarnefnd, félagsmálanefnd, frístunda- og menningarnefnd og fræðslunefnd.

Fulltrúar skulu innan tveggja mánaða frá því að nýkjörin bæjarstjórn kemur saman gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan bæjarstjórnar, ráða og nefnda.

Fulltrúar skulu viðhalda skráningu sinni með því að skrá nýjar upplýsingar og viðbótarupplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir.

Skylda til að skrá upplýsingar samkvæmt reglum þessum tekur einnig til, varabæjarfulltrúa sem taka fast sæti í bæjarstjórn og varamanna í nefndum og ráðum sem taka fast sæti í nefnd eða ráði.

### **3. gr.**

#### **Verklag**

Stjórnsýslusvið skal halda skrá, og birta opinberlega, um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf fulltrúa í þágu annarra.

Fulltrúar skulu láta sjálfir í té upplýsingarnar sem færðar skulu á rafrænt eyðublað. Skráning fulltrúans skoðast sem samþykki fyrir skráningu og opinberri birtingu á vef sveitarfélagsins og við skráningu lýsir fulltrúi því yfir að upplýsingarnar séu veittar eftir bestu samvisku og að nýjar upplýsingar verði færðar inn eftir því sem aðstæður breytast.

Upplýsingar skulu fjarlægðar af vef sveitarfélagsins þegar viðkomandi fulltrúi lætur af störfum eða óskar þess.

#### 4. gr. Skráning

##### 1. Launuð starfsemi

- a. Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum. Staða og félag skulu skráð.
- b. Launað starf eða verkefni (annað en launuð störf vegna setu í bæjarstjórn eða ráðum og nefndum sveitarfélagsins). Starfsheiti og nafn vinnuveitanda eða verkkaupa skulu skráð.
- c. Starfsemi sem unnin er samhliða starfi bæjarfulltrúa og eða fulltrúa í nefnd eða ráði og er tekjumyndandi fyrir hann eða félag sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í. Tegund af starfsemi skal skráð.
- d. Greiðslur frá Sveitarfélaginu Árborg sem ekki falla undir framangreinda liði. Tegund greiðslna skal skráð.

##### 2. Fjárhagslegur stuðningur

Í 6. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Sveitarfélaginu Árborg segir:

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu sveitarfélagsins nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir eða greiða eða sérstaka þjónustu.

- a. Gjafir frá innlendum eða erlendum aðilum sem tengjast beint störfum kjörinna fulltrúa og áætlað verð hennar er yfir 60.000 kr. Skrá skal nafn þess sem gefur, tilefni gjafar, hvers eðlis hún er og hvenær hún var látin í té.
- b. Ferðir og heimsóknir innan- og utanlands sem geta tengst setu í bæjarstjórn, nefnd eða ráði og útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af bæjarsjóði, flokki fulltrúans eða fulltrúanum sjálfum. Skrá skal hver stóð undir útgjöldum ferðar, tímabil hennar og nafn áfangastaða.
- c. Fjárframlag eða annar fjárhagslegur stuðningur frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum. Jafnframt skal skráður fjárhagslegur stuðningur í formi afsláttar af markaðsverði og annars konar ívilnanir að verðmæti meira en 60.000 kr. sem ætla má að sé veittur vegna setu í bæjarstjórn, nefnd eða ráði. Skráð skal hver veitir stuðninginn og hvers eðlis hann sé.
- d. Eftirgjöf eftirstöðva skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum samnings sem ætla má að sé veitt vegna setu í bæjarstjórn, nefnd eða ráði. Skrá skal lánadrottinn og eðli samningsins

##### 3. Eignir

- a. Fasteignir sem eru í 1/3 hluta eða meira eigu fulltrúa í bæjarstjórn, nefnd eða ráði og nýttar eru í atvinnuskyni eða til útleigu. Ekki skal skrá fasteignir sem ætlaðar eru til eigin nota viðkomandi og fjölskyldu hans.
- b. Heiti félags eða sjálfseignarstofnunar í atvinnuresktri, sem fulltrúi í bæjarstjórn, nefnd eða ráði á hlut í.
  - i. Verðmæti hlutar nemur að markaðsvirði meira en einni milljón króna miðað við 31. desember ár hvert.
  - ii. Hlutur nemur 1% eða meira í félagi, sparisjóði eða sjálfseignarstofnun þar sem eignir í árslok eru 230 m.kr. eða meira eða rekstrartekjur 460 m.kr. eða meira.
  - iii. Hlutur nemur 25% eða meira af hlutafé eða stofnfé félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar.

#### 4. Stjórnarseta og trúnaðarstörf

- a. Upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir einkarekin eða opinber félög og hagsmunasamtök skal skrá óháð því hvort umrædd störf eru launuð eða ekki. Skrá skal nafn og hlutverk í stjórn eða eðli trúnaðarstarfs eftir því sem við á.
- b. Upplýsingar um stjórnarsetu og trúnaðarstörf fyrir opinberar stofnanir, Sveitarfélagið Árborg, önnur sveitarfélag og Samband íslenskra sveitarfélaga, óháð því hvort umrædd störf er launuð eða ekki. Skrá skal nafn og hlutverk eða eðli trúnaðarstarfs eftir því sem við á.
- c. Ekki skal skrá stjórnarsetu og trúnaðarstörf í þágu stjórnsmálaflokka og stéttarfélaga.

#### 5. gr.

##### Gildistaka

Reglurnar taka þegar gildi og verða skráðar upplýsingar aðgengilegar á vef sveitarfélagsins frá 1. júní 2020. Reglurnar verði yfirfarnar og endurskoðaðar af bæjarstjórn eftir þörfum a.m.k. árlega.

Samþykkt í bæjarstjórn 18. mars 2020